

34. ÁRSÞING SSNV

8. APRÍL 2026

HALDIÐ Í HÚNAÞINGI VESTRA

ÞINGGJÖRÐ



Davíð Jóhannsson
Berglind Björnsdóttir

Efnisyfirlit

Dagskrá	2
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara	3
Fulltrúatal.....	4
Skýrsla stjórnar	6
Skýrsla framkvæmdastjóra	6
Ávörp.....	6
Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.	6
Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis	7
Ársreikningur 2025	7
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.	8
Afgreiðsla nefndaálita	8
Fjárhagsnefnd	8
Allsherjarnefnd	9
Erindi	10
Mælaborð Byggðastofnunar	10
Nýting gervigreindar í stjórnsýslunni	10
Afhending Byggðagleraugnanna 2026.....	10
Þingslit.....	10

Dagskrá

14:00 Þingsetning

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV.

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara.

Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda.

14:10 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins

Þorleifur Karl Eggertsson formaður kjörnefndar.

14:20 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2025

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV.

14:30 Skýrsla framkvæmdastjóra SSNV fyrir árið 2025

14:40 Ávörp

Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður, Norðvesturkjördæmis.

Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis.

15:10 Ársreikningur SSNV 2025

Helgi Njálsson frá KPMG kynnir ársreikning SSNV.

15:25 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um ársreikning og laun og þóknun til stjórnar og nefnda.

Allsherjarnefnd fjallar um ályktanir.

16:00 Kaffi

16:20 Afgreiðsla nefndarálita

17:00 Erindi

Mælaborð Byggðastofnunar - Þorkell Stefánsson, Byggðastofnun.

Nýting gervigreindar í stjórnsýslunni - Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi.

17:45 Afhending Byggðagleraugganna 2026

18:00 Þingslit og kvöldverður

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Einar Eðvald Einarsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið. Tilnefndi hann Unni Valborgu Hilmarsdóttur sem 1. þingforseta og Magnús Magnússon sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Berglind Björnsdóttir, varaþingritarar Matthías Rúnarsson og Magnús Barðdal, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd skipa:

- Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra, formaður
- Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafirði
- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagatrönd
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði

Þá kynnti þingforseti aðrar nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Sólborg Borgarsdóttir, Skagafirði (Starfsmaður: Magnús Barðdal).

Allsherjarnefnd: Halldór G. Ólafsson Svf. Skagatrönd (Starfsmaður: Guðlaugur Skúlason).

Fulltrúatal

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður kjörnefndar. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 26 fulltrúar og af þeim eru 23 mættir. Þingið telst því löglegt. Mættir fulltrúar eru:

Fulltrúar á ársþingi SSNV 8. apríl 2026

Skagafjörður

Einar E. Einarsson, aðalmaður
Hrund Pétursdóttir, aðalmaður
Jón Daníel Jónsson, aðalmaður
Sólborg S. Borgarsdóttir, aðalmaður
Eypór Fannar Sveinsson, aðalmaður
Ragnar Helgason, aðalmaður
Jóhanna Ey Harðardóttir, aðalmaður
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, aðalmaður
Álfhildur Leifsdóttir, aðalmaður
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, aðalmaður

10/13 mættir

Húnaþing vestra

Þorleifur Karl Eggertsson, aðalmaður
Elín Lilja Gunnarsdóttir, aðalmaður
Magnús Magnússon, aðalmaður
Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður
Magnús Eðvaldsson, aðalmaður

5/5 mættir

Svf. Skagaströnd

Halldór G. Ólafsson, aðalmaður
Erla María Lárusdóttir, aðalmaður
Péturína Laufey Jakobsdóttir, varamaður

3/3 mættir

Húnabyggð

Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður
Ragnhildur Haraldsdóttir, aðalmaður
Auðunn Steinn Sigurðsson, aðalmaður
Jón Gíslason, aðalmaður

Elín Ósk Gísladóttir, aðalmaður

5/5 mættir

Samtals fjöldi fulltrúa 23/26. 88 % mæting

Skýrsla stjórnar

Einar E. Einarsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2025.

[Ársskýrsla SSNV fyrir árið 2025](#) er aðgengileg á heimasíðu samtakanna.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, kynnti helstu verkefni samtakanna á liðnu ári.

Ávörp

Ólafur Adolfsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Ólafur þakkaði fyrir boðið og að fá að ávarpa þingið. Bar hann þinginu kveðjur Eyjólf, Örnú Láru, Maríu Rutar, Ingibjargar og Lilju Rafneyjar sem ekki gátu mætt.

Ólafur nefndi að sveitarfélög svæðisins væru dugleg að minna á sig og að SSNV gerði það sömuleiðis. Rifjaði upp að á síðasta þingi hafi þingmenn talað um að vinna öll vel saman.

Samgönguáætlun væri tæki til að standa saman, væri ekki flokkpólitískt tæki enda ástand vega með versta móti í landshlutanum.

Fjallaði hann stuttlega um það sem hann nefndi umdeild mál; Slakt gengi í baráttunni við verðbólgu og háa vexti. Fjárlögin og kílómetragjaldið. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eigi eftir að taka í pyngjuna muni hann ná fram að ganga þar sem mikið þurfi að gera til að mæta honum. Í fjárlögunum var tækifæri til að skila hallalausum rekstri, ríkisstjórnin hafi ekki nýtt jákvætt viðhorf til hennar til þess að ná þeim áfanga.

Á vorþinginu má vænta nokkurra umdeilda mála. M.a. stytta tíma atvinnuleysisbóta og þær álögur sem munu þá lenda á sveitarfélögunum.

Hætt er við að mörg af þeim málum sem liggja fyrir núna muni daga uppi vegna fárra þingdaga sem eftir eru fram að sumarfríi.

Hvatti hann sveitarfélögin til að taka slaginn við ríkið, það er hægt að vinna saman til að leysa mál. Það verði að fylgja þeim málum eftir sem búið er að koma í gegn, t.d. um rekstur hjúkrunarheimila og málefni barna með fjölþættan vanda.

Stefán Vagn Stefánsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis

Stefán þakkaði sömuleiðis fyrir boð á þingið og hrósaði sveitarstjórnarfólki fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu sveitarfélaganna. Nefndi hann gott samstarf þingmanna kjördæmisins.

Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þingmenn að eiga í góðu samstarfi við sveitarfélög, vera látin vita af því sem brennur á þeim hverju sinni því erfitt er fyrir þingmennina að vera með puttann á púlsinum með öll mál í öllum sveitarfélögum.

Tók hann heilshugar undir það sem Ólafur nefndi varðandi mál sem hætta er á að falli niður og því mikilvægt að sveitarstjórnarfolk haldi þeim á lofti. Viðraði hann áhyggjur sínar af samgönguáætlun og hvernig fjárlög muni ríma við hana. M.v. þá stöðu sem uppi er í efnahagsmálum í dag hefur það sýnt sig að mikið bakslag hefur orðið og að þær tölur sem áætlaðar eru fyrir árið 2027 muni ekki standast og því verði erfitt að koma öllum verkefnum áætlunarinnar í framkvæmd.

Nefndi hann að áætlaðar tekjur ríkisins af umferð eru 41 milljarður og fyrirséð að mest af þeim fjármunum komi af landsbyggðinni með ýmsum veggjöldum.

Eins kom hann inn á áhyggjur sínar af fækkun opinberra starfa með sameiningu stofnana, að þau muni koma af landsbyggðinni - fækkunin muni ekki verða á höfuðborgarsvæðinu.

Að loknum ávörpum gesta var boðið upp á fyrirspurnir úr sal. Til máls tóku:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir - þakkaði þingmönnum fyrir vilja sinn til samtals, það bæri að virða.

Magnús Magnússon – bar fram vangaveltur um samgönguáætlun og lagareldismál auk þess sem hann lýsti yfir áhyggjum af gildistíma búvörusamninga.

Guðmundur Haukur Jakobsson - spurði um frumvarp varðandi orkusveitarfélög og hvort vænta mætti að það kæmist í gegn á þessu þingi.

Einar Eðvald Einarsson – tók undir þakkir til þingmanna og spurði út í staðsetningu þeirra 146 hjúkrunarrýma, sem ráðherra, hefði tilkynnt um. Hann spurði jafnframt um hvort tillaga um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga t.d. vegna framkvæmda. Að lokum bar Einar fram þá hugmynd hvort ekki mætti sameina Hagstofu Íslands og Þjóðskrá, til hagræðingar?

Þorkell Stefánsson, Byggðastofnun - minnti á, í ljósi fram kominna hugmynda um fækkun ríkisstarfa, að þar gæti Byggðastofnun komið að vöktun þess hluta er lýtur að landsbyggðinni, ef óskað væri eftir því enda hlutverk mælaborðs m.a. að upplýsa um þróun á þeim vettvangi.

Þingmenn þökkðu framkomnar fyrirspurnir og vangaveltur og veittu greinargóð svör við þeim.

Ársreikningur 2025

Helgi Níelsson, endurskoðandi f.h. KPMG, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2025:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 352.574.890 kr., rekstrargjöld 344.931.714 kr. og fjármunatekjur 6.767.025 kr. Hagnaður varð því á rekstri samtakanna að upphæð 14.410.201 kr.

[Ársreikningurinn](#) er aðgengilegur á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn tók til máls.

Ársreikningi var vísað til fjárhagsnefndar.

Störf nefnda

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SSNV 2025
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

Allsherjarnefnd

- Ályktanir þingsins

Nefndir tóku til starfa og unnu fram að kaffihléi.

Afgreiðsla nefndaálita

Fjárhagsnefnd

Sólborg S. Borgarsdóttir gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

34. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka í Húnaþingi vestra 8. apríl 2026, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2025.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SSNV fyrir árið 2025 er aðgengilegur á heimasíðu með gögnum þingsins.

Einnig var borin upp eftirfarandi tillaga:

34. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka í Húnaþingi vestra 8. apríl 2026, samþykkir eftirfarandi um laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2026:

Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:

- a) Laun formanns verði 7,1% af þingfararkaupi.*
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 4,1% af þingfararkaupi.*
- c) Laun fyrir stjórnarfund og aðra fundi stjórnar og nefnda sem stjórn eða þing skipar í verði 2,5% af þingfararkaupi.*
- d) Laun formanna nefnda/úthlutunarnefndar verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd.*
- e) Óska skal samþykkis framkvæmdastjóra áður en stofnað er til aksturs- eða ferðakostnaðar. Komi til aksturs á eigin bifreið er akstur greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald.*
- f) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.*

Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagraða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:

1. Úthlutunarnefnd - yfirferð umsókna

- a) 1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta*
- b) 21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur*
- c) 71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur*

2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni

- a) 1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta*
- b) 6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur*

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs

- a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta*
- b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur*

Afgreiðsla:

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Halldór G. Ólafsson gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar:

1. Tillaga frá stjórn SSNV Staða landshlutans

Árþing SSNV vekur athygli á brothætttri stöðu Norðurlands vestra. Þróun síðustu ára sýnir að landshlutinn er að dragast aftur úr öðrum landshlutum hvað varðar íbúáþróun, tekjur og innviði, og að óbreyttu stefnir í áframhaldandi fólksfækkun og veikingu byggðar.

Þingið bendir á að íbúafjölgun hefur verið hægari en annars staðar og horfur eru á neikvæðri þróun til lengri tíma, með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf, þjónustu og samfélagslega innviði.

Jafnframt er ljóst að Norðurland vestra býr við lakari stöðu en aðrir landshlutar þegar kemur að tekjum og verðmætasköpun. Atvinnutekjur eru lægri en landsmeðaltal og vöxtur hægari, sem hefur bein áhrif á lífskjör, samkeppnishæfni og framtíðarsókn svæðisins.

Þingið lýsir einnig yfir þungum áhyggjum af stöðu innviða, sérstaklega í samgöngum, þar sem fjárveitingar á hvern kílómetra vegakerfis eru margfalt lægri en á öðrum svæðum, þrátt fyrir að hlutfall malarvega sé hæst á landinu.

Þá hefur þróun ríkisstarfa verið landshlutanum óhagstæð, með minni fjölgun en annars staðar og jafnvel fækkun á síðustu árum, sem dregur úr fjölbreytni starfa og stöðugleika byggðar.

Þrátt fyrir þessar áskoranir eru veruleg tækifæri til staðar. Landshlutinn hefur sterkar auðlindir, öflugan landbúnað, vaxandi ferðaþjónustu, aukna orku- og gagnainnviði og fjölmörg verkefni í uppbyggingu sem skapa grundvöll fyrir aukna verðmætasköpun og ný störf.

Árþing SSNV leggur áherslu á að nú sé nauðsynlegt að grípa til markvissra og róttækra aðgerða til að snúa þróuninni við. Þingið kallar eftir:

- Markvissri og aukinni fjárfestingu í samgöngum og orkuinnviðum sem tekur mið af raunverulegri þörf landshlutans.
- Jafnari dreifingu ríkisstarfa.
- Aðgerðum sem styðja við fjölbreyttara atvinnulíf, nýsköpun og aukna verðmætasköpun.
- Sérstökum hvötum til að laða að ungt fólk og fjárfesta, m.a. með skattalegum og fjárhagslegum úrræðum.
- Auknum stuðningi við húsnaðisuppbyggingu og aðgengi að fjármagni.

Þingið telur brýnt að stjórnvöld taki sérstaklega utan um þau svæði þar sem fólksfækkun er fyrirsjáanleg og beiti markvissum byggðaaðgerðum til að tryggja jafnvægi milli landshluta.

Árþing SSNV undirstrikar að Norðurland vestra býr yfir verulegum styrkleikum og tækifærum, en án skýrra og tafarlausra aðgerða er hætt á að þróunin verði áfram neikvæð. Grípa þarf strax inn í til tryggja sjálfbæra og öfluga framtíð landshlutans.

Afgreiðsla:

34. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 8. apríl 2026, samþykkir framlagða ályktun og beinir henni til Ríkisstjórnar Íslands. Samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að ályktun lögð fram af Húnabyggð

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra (FNV)

Húnabyggð leggur til að teknað verði til umræðu breytingar á framlögum sveitarfélaganna til byggingar á skólahúsnæði FNV. Rétt er að áréttast að Húnabyggð styður FNV í einu og öllu og leggur áherslu á að staðsetning skólans á okkar svæði er gríðarlega mikilvæg. Þar sem ábyrgð á framhaldsskólastiginu er alfarið hjá ríkinu er það gagnrýniverð að mati Húnabyggðar að hluti þess kostnaðar þ.e. er varðar byggingu húsnæðis sé á ábyrgð sveitarfélaganna. Þannig er þetta almennt ekki hvað varðar framhaldsskólastigið, heldur er hér mikið misræmi og í raun brot á jafnræðisreglu að minni sveitarfélög á landsbyggðinni þurfi að koma að þessum kostnaði sérstaklega. Þá er í okkar landshluta mikill munur á sveitarfélögum t.d. hvað varðar stærð og fjárhagslegan styrk og framlög Húnabyggðar í þetta verkefni hafa veruleg áhrif á efnahag sveitarfélagsins. Fyrirhugað framlag Húnabyggðar í þetta verkefni skerðir nauðsynlega þjónustu við íbúa og væri töluverður hluti af árlegri upphæð sveitarfélagsins hvað varðar fjárfestingaverkefni. Þá er einnig algjörlega óhæft hversu ónákvæm og opin kostnaðaráætlun verkefnisins er. Eignarhlutur í húsnæði sem kemur á móti þessari fjárfestingu er verðlaus fyrir Húnabyggð og engin leið að nýta þá fjárfestingu beint fyrir íbúa sveitarfélagsins, né að losa þá fjárfestingu yrði þess óskað. Ungmenninn sem huga að verknámi í FNV frá sveitarfélaginu njóta vissulega góðs af, en lítill hluti ungmenna frá sveitarfélaginu fer í verknám í FNV, því þau sækja framhaldsnám mest á Akureyri og í Reykjavík. Það sveitarfélag sem nýtur góðs af stofnuninni umfram aðra er Skagafjörður en þar sitja eftir ýmiskonar beinar og óbeinar tekjur vegna þess umfangs sem FNV skapar í nærsamfélaginu. Það væri því eðlilegt að skoða breytta skiptingu á þessum kostnaði sem falla á sveitarfélögin á svæðinu og taka tillit til þeirra tekna sem koma á móti í sveitarfélögunum. Best væri eins og áður segir að ríkið taki fulla ábyrgð á uppbyggingu þessa skólastigs sem það sannarlega ber ábyrgð á.

Afgreiðsla:

34. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 8. apríl 2026, samþykkir að ályktun Húnabyggðar; Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) verði vísað til stjórnar SSNV. Samþykkt samhljóða.

3. Tillaga að ályktun lögð fram af Húnabyggð

Sameiginleg innviðastefna

Þrátt fyrir fögur fyrirheit t.d. í sóknaráætlun NV er það þannig að sveitarfélögin á svæðinu berjast hvert fyrir sínum hagsmunum er varðar grunninnviði sem ríkið ber ábyrgð á eins og t.d. er varðar samgöngur, orkumál og fjarskiptamál. Í öllum tilfellum er um grundvallar hagsmunamál íbúa NV að ræða og því mikilvægt að sveitarfélögin standi saman í þeirri hagsmunabaráttu sem nauðsynleg er í þessum málum. Áherslur í kjölfar síðustu ríkisstjórnarskipta í samgöngumálum er ágætt dæmi um að verkefni sem ekki hafði verið talað um að kæmi inn á svæðið varð að veruleika án þess að nokkur umræða færi fram milli

sveitarfélaganna. Hér væri rétt að tala saman, stilla saman strengi o.s.frv. og breytingar sem geta komið upp séu þá ræddar og samþykktar áður en farið er af stað í hagsmunabaráttu einstakra verkefna. Að öðrum kosti eru

stefnur og skýrslur unnar af SSNV lítið annað en orðin tóm. Þetta getur vissulega kallað á meiri vinnu milli sveitarfélaganna og mögulega átök/ágreining um forgangs-röðun, en ef allt er rétt þá er það heilbrigt samtal sem betra er að taka en sleppa. Framtíðarhagsmunir þess fólks sem hér býr eru undir og mikilvægi samvinnunar því mikil og ábyrgðin sömuleiðis.

Þrátt fyrir að vera ekki eitt sveitarfélag þurfum við að hugsa þessi mál eins og að þannig væri staðan, annað kemur niður á framtíðarmöguleikum íbúa þessa svæðis til að skapa hagvöxt sem er öllu svæðinu til framdráttar.

Afgreiðsla:

*34. ársþing SSNV, haldið á Laugarbakka 8. apríl 2026, samþykkir að ályktun Húnabyggðar **Sameiginleg innviðastefna sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra** verði vísað til stjórnar SSNV. Samþykkt samhljóða.*

Erindi

Mælaborð Byggðastofnunar

Porkell Stefánsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun kynnti mælaborð Byggðastofnunar og þá möguleika sem það býður uppá.

Porkell studdist bæði við heimasíðu Byggðastofnunar og glærukynningu í sinni framsögu.

Nýting gervigreindar í stjórnsýslunni

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi sagði frá því hvernig gervigreindin nýtist í starfi hennar sem sveitarstjóri.

Afhending Byggðagleraugnanna 2026

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir framkvæmdastjóri SSNV sagði frá Byggðaglerauginum, sem eru á ársþingi SSNV ár hvert veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Hún tilkynnti handhafa Byggðagleraugnanna 2026 sem að þessu sinni eru tveir.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2026 hlýtur Borealis Data Center í Húnabyggð og FISK Seafood í Skagafirði.

Fyrir hönd Borealis Data Center veitti Þórhallur Rúnar Rúnarsson viðurkenningunni viðtöku og þakkaði .

Jafnframt veittu Friðbjörn Ásbjörnsson og Hulda Björg Jónsdóttir viðurkenningu FISK Seafood viðtöku.

Þingslit

Unnur Valborg Hilmarsdóttir þingforseti þakkaði þinginu fyrir góð störf. Því næst gaf hún formanni SSNV orðið.

Einar, formaður stjórnar SSNV, þakkaði fyrir gott þing og bauð til haustþings SSNV 2026 sem haldið verður í Húnaþingi vestra í október, og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu

Davíð Jóhannsson og Berglind Björnsdóttir,

starfsmenn SSNV.